

Reglugjörð

118

2. sept.

um viðauka við og breytingu á reglugjörð fyrir Eyjafjarðarsýslu um fjallgöngur, fjárskil og melrakkaveiðar 14. júní 1910.

1. gr.

Aftan við 8. gr. bætist svohljóðandi málsgrein:

Gangi nú stóðhross af utansýsluafriðtettum á afriðetti sýslunnar, getur hreppsnefnd sú, sem hlut á að máli, kært yfir því til sýslunefndar eða oddvita hennar. Skal þá sýslunefndin eða oddviti hennar svo fljótt sem við verður komið, semja við nágrannasýsluna um, að áganginum verði afstýrt. Náist ekki slikur samningur, eða sje hann brotinn, má taka ágangshrossin í hald, hvenær sem er að sumrinu og fara með þau samkvæmt ákvæðum 40. gr., sbr. 43. gr.

2. gr.

Aftan við 29. gr. bætist svohljóðandi málsgrein:

Ómerkinga skal draga í sjerstakan dilk undir eftirliti rjettarstjóra og skal öllum gefinn kostur á að leiða þangað lambamæður til að helga sjer lamb sitt.

3. gr.

34. gr. orðist svo:

Eigi síðar en viku eftir að löggöngum er lokið skal hreppsnefndin láta gjöra eftirleit á afriðetti hreppsins.

Þegar eftirleit þessari er lokið, skal hverjum heimilt að gjöra enn eftirleit, ef hreppsnefnd leyfir. Nú finnur hann fje í eftirleit, og skal hann þá fá tvo óvilhalla menn til að vigta það. Hafa þá eigendur fjárins rjett til að innleysa það, móti því, að þeir greiði 8 aura í fundarlaun fyrir hvert kílógramm í lifandi þunga þess fjár, sem ekki áður hefir verið heimt, en 4 aura fyrir hvert kílógramm lifandi þunga þess fjár, sem áður hefir verið heimt, en sloppið hefir aftur á af-

118 rjetti. Heimilt er þó hreppsnefndum að hækka fundarlaun fyrir fje úr öðrum 2. espt. sýslum, þó eigi meira en þar er tekið í fundarlaun.

4. gr.

Aftan 35. gr. bætist svohljóðandi málsgrein:

Tveir menn í sýslunni mega ekki eiga sammerkt og enginn má taka nýtt mark, sem tekið er á markaskrá í nágrennasýslum (Skagafjarðar- eða Suður-Pingeyjasýslu). Ef tveir menn í sýslunni nú hafa sama mark, skal sá, sem lengur hefir notað markið, teljast eigandi þess í markaskránni. Nú taka tveir eða fleiri menn samtímis sama mark, skal þá sá, er flest fje á, sitja fyrir, en tilkynna skal það hinum, sem markið hafa tekið.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu hefir samið og samþykkt, samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 14, 22. marz 1890, staðfestist hjermeð til að öðlast þegar gildi.

Í stjórnarráði Íslands, 2. september 1916.

Einar Arnórsson.

Jón Hermannsson.